

Bæjarskrifst. Garðabæjar

Mótt.dags.	09.12.21
Málalykill	10.0
Mál nr.	2109240

Sveitarfélagið Garðabær

Ráðhús Garðabæjar

Garðatorgi 7

210 Garðabær



Efni: Yfirfærsla veghalds á skilavegum frá Vegagerðinni til Garðabæjar.

Vegagerðin vísar til fyrri samskipta varðandi yfirfærslu veghalds á svokölluðum skilavegum, sbr. bréf dags. 7. september sl., sem varðar vegi innan marka sveitarfélagsins Garðabæjar, sem falla úr tölu stofnvega samkvæmt 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 en verða sveitarfélagsvegir. Vegagerðin hefur annast veghald þessara vega samkvæmt tímabundinni heimild í vegalögum, sbr. nú lög nr. 139/2020, sem fellur úr gildi um næst komandi áramót.

Síða 1/2

Um er að ræða eftirtalda vegi, sbr. niðurstöðu starfshóps Vegagerðarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga:

1. Arnarnesvegur nr. 411-02, frá Hegranesi að Hafnarfjarðarvegur (40-03), lengd: 0,12 km.
2. Vífilsstaðavegur nr. 412-01, frá Hafnarfjarðarvegi (40-04) að Reykjanesbraut (41-13), lengd: 1,92 km.
3. Vífilsstaðavegur nr. 412-02, frá Reykjanesbraut (41-13) að Elliðavatnsvegi (410-02), lengd: 0,86 km.
4. Álftanesvegur nr. 415-02, frá Reykjanesbraut að Flatahrauni, lengd: 0,25 km.
5. Álftanesvegur nr. 415-04, frá Hafnarfjarðarvegi (40-06) frá st. 150 að Bessastaðavegi (416-01) ásamt hringtorgum, lengd: 4,08 km.

Viðræður hafa staðið yfir á milli Vegagerðarinnar og Garðabæjar um gerð samnings um yfirfærslu þessara vega með tilliti til skuldbindinga varðandi viðhaldsaðgerðir á grundvelli niðurstöðu starfshóps Vegagerðarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga og er litið svo á að viðræður séu langt komnar en Vegagerðin bíður viðbragða bæjarins við tillögu að samningi.

Vegagerðin hefur verið með þjónustusamninga við verktaka um eftirtalda þjónustupætti:

1. Hreinsun vegyfirborðs og vegsvæða.
2. Grassláttur.
3. Hreinsun niðurfalla og brunna.

Vegagerðin
Suðurláttur 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026